

Stjórnkerfi Reykjavíkurborgar

Nefndir, ráð og stjórnir

Skrifstofa borgarstjórnar

mars 2008

Efnisyfirlit

Inngangur

Nefndir, ráð og stjórnir

Borgarstjórn

Borgarráð

Almannavarnanefnd

Ársreikningur Reykjavíkurborgar, skoðunarmenn

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur

Bláfjallafólkvangur, stjórn skíðasvæða

Fiskimannasjóður Kjalarnesþings

Forvarnarnefnd

Framkvæmda- og eignaráð

Framtalsnefnd

Hafnarstjórn, Faxaflóahafnir sf., stjórn

Heilbrigðisnefnd

Hjúkrunarheimilið Eir

Hjúkrunarheimilið Skjól

Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Hverfisráð

Hverfisráð Vesturbæjar

Hverfisráð Miðborgar

Hverfisráð Hlíða

Hverfisráð Laugardals

Hverfisráð Háaleitis

Hverfisráð Breiðholts

Hverfisráð Árbæjar

Hverfisráð Grafarvogs

Hverfisráð Kjalarness

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Innkauparáð

Íþróttá- og tómstundaráð

Kirkjubýggingarsjóður Reykjavíkurborgar, stjórn

| | |
|---|--|
| Kjarasamningar; samninganefnd, launanefnd, kjaranefnd | |
| Kjarvalsstofa í París, stjórn | |
| Kjörstjórnir | |
| Lánatryggingarsjóður kvenna, stjórn..... | |
| Leikfélag Reykjavíkur, hússtjórn | |
| Leikskólaráð | |
| Listahátíð; fulltrúaráð, stjórn..... | |
| Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar, stjórn..... | |
| Mannréttindaráð..... | |
| Menningar- og ferðamálaráð | |
| Menntaráð..... | |
| Orkuveita Reykjavíkur sf., stjórn | |
| Ráðhús, hússtjórn | |
| Reykjanesfólkvangur, stjórn..... | |
| Samband íslenskra sveitarfélaga | |
| Samstarfsnefnd borgarfulltrúa og alþingismanna Reykvíkinga | |
| Samstarfsnefnd Reykjavíkurprófastsdæma | |
| Samstarfsjóður Nuuk, Reykjavíkur og Þórshafnar, stjórn | |
| Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu..... | |
| Skipulagsráð | |
| Skólanefndir framhaldsskóla..... | |
| Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., stjórn | |
| Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins bs., stjórn..... | |
| Stjórnkerfisnefnd | |
| Strætó bs., stjórn..... | |
| Svæðisráð um málefni fatlaðra..... | |
| Umferðarráð | |
| Umhverfis- og samgönguráð | |
| Velferðarráð | |
| Ýmsar nefndir, starfsnefndir og vinnuhópar, sem borgaryfirvöld tilnefna í eða skipaðar eru..... | |

Úr IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, nefndir, ráð og stjórnir

Inngangur

Í kveri þessu er að finna hverjir hafa verið kjörnir eða tilnefndir í fastar nefndir og ráð á vegum Reykjavíkurborgar af borgarstjórn, borgarráði eða borgarstjóra og þar eiga sæti m.v. mars 2008. Þá er stutt yfirlit yfir starfssvið viðkomandi nefndar, jafnframt því sem vísað er til ákvæða laga, reglugerða og samþykktar sem hún starfar eftir. Almennt er vísað til ákvæða IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 hvað varðar nefndir og kosningu þeirra svo og samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007. Er þeim sem vilja fræðast nánar um starfssvið ráðs eða nefndar bent á þessar heimildir. Hér eru þó teknar upp nokkrar greinar IV. kafla sveitarstjórnarlaga, þar sem sérstaklega er fjallað um nefndir, ráð og stjórnir.

Gunnar Eydal

Nefndir, ráð og stjórnir

Borgarstjórn

Borgarstjórn starfar skv. II. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007, sbr. 10. gr. laganna.

Hlutverk og verkvið borgarstjórnar skv. 9. gr. sveitarstjórnarlaga er að fara með stjórn Reykjavíkurborgar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga.

Borgarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna Reykjavíkurborgar og um framkvæmd þeirra verkefna sem sveitarfélagið annast. Hún skal sjá um að fylgt sé ákvæðum laga um sveitarstjórnarmál, reglugerðum og samþykktum Reykjavíkurborgar. Þá getur borgarstjórn ályktað um hvert það málefni sem hún telur að varði Reykjavíkurborg.

Borgarstjórn er skipuð fimmtán borgarfulltrúum og jafnmörgum til vara, kjörnum af kosningabærum íbúum Reykjavíkur, skv. lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Kjörtímabil borgarstjórnar er fjögur ár.

Reglulegir fundir borgarstjórnar eru haldnir fyrsta og þriðja þriðjudag hvers mánaðar í Ráðhúsi Reykjavíkur og hefjast kl. 14.00. Fundir borgarstjórnar eru haldnir fyrir opnum dyrum nema annað sé ákveðið. Heimilt er að fella niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Kjörtímabil borgarstjórnar hófst sunnudaginn 11. júní 2006:

Kjörnir:

Fyrir B-lista: (Björn Ingi Hrafnsson, baðst lausnar 24.1.'08)
Óskar Bergsson (24.1.'08)

Fyrir D-lista: Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, 2. varaforseti (4.3.'08)
Hanna Birna Kristjánsdóttir, forseti
Gísli Marteinn Baldursson
Kjartan Magnússon
Júlíus Vífill Ingvarsson
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, varaskrifari
Jórunn Ósk Frímansdóttir, skrifari

Fyrir F-lista: Ólafur F. Magnússon

Fyrir S-lista: Dagur B. Eggertsson, 1. varaforseti
(Steinunn Valdís Óskarsdóttir, baðst lausnar 19.6.'07)
(Stefán Jón Hafstein, er í leyfi frá 8.1.'07 til janúar 2009)
Björk Vilhelmsdóttir
Oddný Sturludóttir (frá 11.1.'07), varaskrifari
Sigrún Elsa Smáradóttir (frá 19.6.'07), skrifari

Fyrir V-lista: Svandís Svavarsdóttir
(Árni Þór Sigurðsson, baðst lausnar 12.9.'07)
Þorleifur Gunnlaugsson (frá 18.9.'07)

Til vara:

Fyrir B-lista: (Óskar Bergsson)
Marsibil Sæmundardóttir (frá 24.1.'08)

Fyrir D-lista: Sif Sigfúsdóttir
Bolli Thoroddsen
Marta Guðjónsdóttir
Ragnar Sær Ragnarsson
Kristján Guðmundsson
Björn Gíslason
Áslaug Friðriksdóttir

Fyrir F-lista: Margrét K. Sverrisdóttir

Fyrir S-lista: (Oddný Sturludóttir)
(Sigrún Elsa Smáradóttir)
Dofri Hermannsson
Stefán Jóhann Stefánsson
Stefán Benediktsson (frá 11.1.'07)
Guðrún Erla Geirsdóttir (frá 19.6.'07)

Fyrir V-lista: Þorleifur Gunnlaugsson)
Sóley Tómasdóttir
Hermann Valsson (frá 18.9.'07)

Með bréfi, dags. 8. janúar 2007, baðst Stefán Jón Hafstein leyfis frá störfum sem borgarfulltrúi, með því tók Oddný Sturludóttir, varaborgarfulltrúi, sæti í borgarstjórn.

Með bréfi, dags. 19. júní 2007, baðst Steinunn Valdís Óskarsdóttir lausnar frá störfum sem borgarfulltrúi, með því tók Sigrún Elsa Smáradóttir, varaborgarfulltrúi, sæti í borgarstjórn.

Með bréfi, dags. 12. september 2007, baðst Árni Þór Sigurðsson lausnar frá störfum sem borgarfulltrúi, með því tók Þorleifur Gunnlaugsson, varaborgarfulltrúi, sæti í borgarstjórn.

Með bréfi, dags. 24. janúar 2008, baðst Björn Ingi Hrafnsson lausnar frá störfum sem borgarfulltrúi, með því tók Óskar Bergsson, varaborgarfulltrúi, sæti í borgarstjórn.

Forsetar voru kosnir á fundi borgarstjórnar 24. janúar 2008, til júní s.á.
Skrifarar voru kosnir á fundi borgarstjórnar til eins árs 19. júní 2007.

Borgarstjóri er framkvæmdastjóri Reykjavíkurborgar. Á fundi borgarstjórnar 24. janúar 2008 var Ólafur F. Magnússon ráðinn borgarstjóri.

Borgarráð

Borgarráð starfar skv. IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, en það var fyrst stofnað með samþykkt um stjórn bæjarmálefna Reykjavíkur nr. 73/1932. Í IV. kafla samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007 eru ákvæði um verkefni borgarráðs, sbr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga. Jafnframt er vísað til 3. mgr. 44. gr. laganna um embættisafgreiðslur skrifstofustjóra borgarstjórnar, sbr. viðauka 2.1 við samþykktina.

Borgarráð fer, ásamt borgarstjóra, með framkvæmdastjórn Reykjavíkurborgar og fjármálastjórn, að því leyti sem þessi mál eru ekki

öðrum falin. Það hefur umsjón með stjórnsýslu Reykjavíkurborgar almennt og fjárstjórn hennar sérstaklega, undirbýr fjárhagsáætlanir og sér um að ársreikningar Reykjavíkurborgar séu samdir reglum samkvæmt. Borgarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála sem eigi varða verulega fjárhag borgarsjóðs eða stofnana hans, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við borgarstjóra um ákvörðunina.

Í borgarráði sitja sjö borgarfulltrúar kjörnir af borgarstjórn til eins árs í senn og jafnmargir til vara. Borgarstjóri situr fundi borgarráðs, en hann hefur þar ekki atkvæðisrétt nema hann sé sérstaklega í það kjörinn. Flokkur sem fulltrúa á í borgarstjórn, en ekki í borgarráði, má tilnefna borgarfulltrúa til að sitja fundi borgarráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Reglulegir fundir borgarráðs eru haldnir í Ráðhúsi Reykjavíkur á fimmtudögum og hefjast kl. 9.30.

Borgarstjórn kaus í borgarráð 24. janúar 2008, til júní sama ár:

Kjörnir:

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, form.
Hanna Birna Kristjánsdóttir, varaf.
Gísli Marteinn Baldursson
Kjartan Magnússon
Dagur B. Eggertsson
Svandís Svavarsdóttir
Óskar Bergsson

Til vara:

Ólafur F. Magnússon
Júlíus Vífill Ingvarsson
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
Jórunn Frímansdóttir
Margrét Sverrisdóttir
Björk Vilhelmsdóttir
Þorleifur Gunnlaugsson

Á fundi borgarráðs 24. janúar 2008 var Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson kosinn formaður borgarráðs og Hanna Birna Kristjánsdóttir varaformaður.

Almannavarnanefnd

Almannavarnanefnd starfar skv. lögum um almannavarnir nr. 94/1962, með síðari breytingum.

Á fundi borgarráðs 9. desember 2003 var samþykkt starfsskipulag almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins, en aðild að henni eiga, auk Reykjavíkurborgar, Álftanes, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Kjósarhreppur, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær.

Almannavarnanefnd er skipuð framkvæmdastjórum aðildarsveitarfélaganna auk eins kjörins fulltrúa frá hverju þeirra. Þá sitja þar lögreglustjóri og slökkviliðsstjóri, sem jafnframt er framkvæmdastjóri nefndarinnar. Kjörtímabil almannavarnanefndar er hið sama og sveitarstjórna.

Aðsetur almannavarnanefndar er hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs., Skógarhlíð 14.

Borgarstjórn kaus 24. janúar 2008 Ingólf Sveinsson í almannavarnanefnd. Varamenn voru kosnir Ragnhildur Guðjónsdóttir og Dagur B. Eggertsson.

Ársreikningur Reykjavíkurborgar, skoðunarmenn

Samkvæmt 69. gr. sveitarstjórnarlaga skal nýkjörin sveitarstjórn kjósa skoðunarmenn á fyrsta fundi sínum. Skoðunarmenn skulu yfirfara ársreikning sveitarfélagsins og athuga einstök fjárhagsleg málefni sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, eftir því sem þeim þykir ástæða til. Skoðunarmenn skulu koma tímanlega á framfæri við endurskoðanda sveitarfélags þeim ábendingum og upplýsingum sem þeir telja að við eigi.

Sveitarstjórn kýs tvo skoðunarmenn og jafnmarga til vara til loka kjörtímabils hennar.

Borgarstjórn kaus skoðunarmenn 20. júní 2006:

Kjörnir:

Sævar Þór Sigurgeirsson
Ari Skúlason

Til vara:

Sigrún Ragna Óskarsdóttir
Flóki Halldórsson

Barnaverndarnefnd Reykjavíkur

Barnaverndarnefnd starfar skv. 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sbr. einnig samþykkt fyrir barnaverndarnefnd Reykjavíkur sem staðfest var í borgarstjórn 4. apríl 2002, með breytingum staðfestum 20. desember 2005 og 20. desember 2007.

Samkvæmt 12. gr. barnaverndarlaga er hlutverk barnaverndarnefnda að kanna aðbúnað, háttarni og uppeldisskilyrði barna og meta sem fyrst þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður, sæti illri meðferð eða eigi í alvarlegum félagslegum erfiðleikum. Barnaverndarnefndir skulu beita þeim úrræðum sem best eiga við hverju sinni og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð barns. Þá fara þær með úrskurðarvald á nánar tilgreindum sviðum og eiga sóknaraðild í tilteknum málum fyrir dómstólum.

Nefndin er svo skipuð að í henni eiga sæti fimm fulltrúar kosnir af borgarstjórn og jafnmargir til vara. Borgarstjórn kýs formann nefndarinnar og skal hann vera lögfræðingur. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og borgarstjórnar.

Nefndin heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði. Fella má niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Aðsetur barnaverndarnefndar er hjá Barnavernd Reykjavíkur að Skipholti 50b og frá maí nk. að Borgartúni 10-12.

Borgarstjórn kaus í nefndina 24. janúar 2008:

Kjörnir:

Halldór Frímansson (5.2.'08), form.
Kolbrún Baldursdóttir (5.2.'08)
Eyjólfur Ármannsson
Heiða Björg Pálmadóttir
Dögg Hugosdóttir

Til vara:

Svanhvít Axelsdóttir
Katrín Helga Hallgrímsdóttir
Halla Rut Bjarnadóttir
Guðlaug Magnúsdóttir
Jóhann Björnsson

Bláfjallafólkvangur, stjórn skíðasvæða

Friðlýsing fólkvangs í Bláfjöllum tók gildi með auglýsingu nr. 97/1973, sbr.

nú ákvæði 3. og 55. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Með auglýsingu þessari lýstu aðliggjandi sveitarfélög yfir stofnun fólkvangs á Bláfjallasvæðinu sem staðfest var af náttúruverndarráði.

Samkomulag er milli neðangreindra sveitarfélaga um rekstur skíðasvæðanna og Bláfjallafólkvangs og hefur Náttúruvernd á það fallist, sbr. 55. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999.

Sveitarfélög með aðild að samstarfinu eru: Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Hafnarfjörður, Garðabær, Sandgerði, Grindavík, Sveitarfélagið Garður, Sveitarfélagið Vogar, Sveitarfélagið Álftanes, Reykjanesbær og Mosfellsbær.

Borgarráð staðfesti samþykkt fyrir stjórnina 4. nóvember 2003. Aðsetur nefndarinnar er að Bæjarhálsi 1.

Borgarráð kaus 31. janúar 2008 Benedikt Geirsson í stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, Bláfjallafólkvangs. Til vara var kosinn Smári Ríkharðsson.

Fiskimannasjóður Kjalarnesþings

Sjóðurinn starfar á grundvelli reglna stiftamtmanns um „Fondet til understøttelse for forulykkede Fiskeres Efterladte“, upphaflega staðfestum með konungsúrskurði 24. júní 1840.

Í stjórn eiga sæti tollstjórinn í Reykjavík, sýslumaðurinn í Hafnarfirði, dómkirkjupresturinn í Reykjavík og fulltrúi borgarstjóra, Gunnar Eydal.

Forvarnarnefnd

Borgarráð samþykkti á fundi 10. febrúar 2004 að skipuð yrði forvarnarnefnd Reykjavíkurborgar skipuð þremur kjörnum fulltrúum. Auk þess var ákveðið að velferðarsvið og íþrótt- og tómstundasvið myndu tilnefna einn fulltrúa hvert til að starfa með nefndinni. Forvarnarnefnd ber m.a. ábyrgð á að móta heildstæða forvarnarstefnu fyrir Reykjavíkurborg og skilgreina markmið og leiðir til að ná árangri og mælikvarða á árangur forvarnarstarfs hjá Reykjavíkurborg.

Framkvæmda- og eignaráð

Framkvæmda- og eignaráð starfar í umboði borgarráðs skv. samþykkt samþykktri í borgarstjórn 2. október 2007 með síðari breytingum, sbr. samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 1200/2007 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Framkvæmda- og eignaráð mótastefnu um kaup, sölu og rekstur eigna Reykjavíkurborgar. Það hefur eftirlit með rekstri og því að samþykktum og stefnumörkun sé fylgt, er fagsviðum Reykjavíkurborgar til samráðs um forgangsriðun nýframkvæmda og vinnur þriggja ára áætlun um nýframkvæmdir, kaup og sölu eigna borgarinnar í samráði við fagsvið. Jafnframt samþykkir ráðið endanlega hönnun og útfærslu nýrra mannvirkja og yfirfer framkvæmdina að henni lokinni og staðfestir leigu, þjónustu- og rekstrarsamninga sem framkvæmda- og eignaráð gerir. Þá gerir ráðið

tillögur til borgarráðs að reglum um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar og að reglum um kaup og sölu Reykjavíkurborgar á fasteignum.

Framkvæmda- og eignaráð afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, beiðnir um aðilaskipti að leigulóðum og byggingarrétti sem þegar hefur verið úthlutað, skv. heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/2003, sbr. lög nr. 74/2003 og viðauka 1.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007.

Ráðið er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn er heimilt að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi ráðsins, með málfrelsi og tillögurétt, eigi hann ekki fulltrúa í ráðinu.

Framkvæmda- og eignaráð heldur að jafnaði fundi annan og fjórða mánudag hvers mánaðar kl. 8.30 að Borgartúni 10-12 og hefur þar jafnframt aðsetur. Fella má niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Ráðið skal halda a.m.k. einn fund á ári opinn almenningi.

Borgarstjórn kaus í stjórnina 24. janúar 2008:

Kjörnir:

Jórunn Frímansdóttir, form.
Kristján Guðmundsson
Ólafur R. Jónsson
Kjartan Eggertsson
Stefán Jóhann Stefánsson
Sigrún Elsa Smáradóttir
Sóley Tómasdóttir

Til vara:

Óttarr Guðlaugsson
Sævar Guðmundsson
Davíð Ól. Ingimarsson
Kolbeinn Guðjónsson
Ólöf H. Þórarinsdóttir
Magnús Már Guðmundsson
Heimir Janusarson

Guðmundur Gíslason er áheyrnarfulltrúi í framkvæmda- og eignaráði. Varamaður hans er Ingólfur Sveinsson.

Framtalsnefnd

Framtalsnefnd starfar í umboði borgarráðs, með þeim hætti sem kveðið er á um í samþykkt fyrir framtalsnefnd, samþykktri af borgarstjórn 21. júní 2005.

Framtalsnefnd fjallar um og afgreiðir umsóknir um lækkun álagðs útsvars einstaklinga skv. 1. mgr. 25. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, sbr. einnig 1. mgr. 65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/2003.

Framtalsnefnd starfar eftir reglum borgarráðs frá 16. júní 2005 um afgreiðslu umsókna einstaklinga um lækkun álagðs útsvars, þar sem m.a. er að finna eftirfarandi skilyrði ívilnunar:

1. Ef ellihrörleiki, veikindi, slys eða mannlát hafa skert gjaldþol manns verulega.
2. Ef á framfæri manns er barn sem haldið er langvinnum sjúkdómum eða er fatlað eða vangefið og veldur framfaranda verulegum útgjöldum umfram venjulegan framfærslukostnað og mótteknar bætur.

3. Ef maður hefur foreldra eða aðra vandamenn sannanlega á framfæri sínu.
4. Ef maður hefur veruleg útgjöld vegna menntunar barna sinna 16 ára og eldri.
5. Ef maður hefur orðið fyrir verulegu eignatjóni sem hann hefur ekki fengið bætt úr hendi annarra aðila.
6. Ef gjaldþol manns hefur skerst verulega vegna tapa á útistandandi kröfum sem ekki stafa frá atvinnurekstri hans.

Afgreiðsla framtalsnefndar er fullnaðarafgreiðsla skv. heimild í 44. gr. sveitarstjórnarlaga og viðauka 1.5 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 1200/2007.

Nefndin er skipuð þremur fulltrúum kosnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs jafnframt formann úr hópi kjörinna fulltrúa. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og borgarstjórnar. Framtalsnefnd heldur fundi fyrsta og fjórða þriðjudag hvers mánaðar, en nefndin getur fellt niður fundi að sumarlagi.

Aðsetur nefndarinnar er á Skattstofu Reykjavíkur, Tryggvagötu 19.

Borgarstjórn kaus í nefndina 24. janúar 2008:

Kjörnir:

Kjartan Eggertsson, form.
Sigurður Guðmundsson
Ragnhildur Eggertsdóttir

Til vara:

Þorkell Ragnarsson
Jens Guðmundsson
Guðrún B. le Sage de Fontenay

Hafnarstjórn, Faxaflóahafnir sf., stjórn

Sameignarfélagssamningur fyrir Faxaflóahafnir sf. var staðfestur 17. nóvember 2004 og eru stærstu eigendur Reykjavíkurborg með 75% eignarhlut, Akraneskaupstaður með 10,7%, Hvalfjarðarsveit með 9,24%, Borgarbyggð með 4,84% og Skorradalshreppur með 0,22%, en auk þess eru nokkur önnur sveitarfélög eigendur.

Tilgangur Faxaflóahafna er rekstur Reykjavíkurhafnar, Akraneshafnar, Grundartangahafnar, Borgarneshafnar og annarra hafna sem kunna að verða aðilar að félaginu.

Félagið starfar skv. 3. tl. 8. gr. hafnarlaga nr. 61/2003. Æðsta vald félagsins er í höndum eigendafunda og skal halda aðalfund fyrir lok júnímánaðar ár hvert.

Stjórn félagsins, hafnarstjórn, sem kosin er til eins árs í senn á aðalfundi, er skipuð átta mönnum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs fimm stjórnarmenn og jafnframt formann stjórnar, bæjarstjórn Akraneskaupstaðar kýs einn stjórnarmann, sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar kýs einn stjórnarmann og Borgarbyggð og Skorradalshreppur tilnefna sameiginlega einn stjórnarmann. Varamenn eru kosnir með sama hætti. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jöfn.

Aðsetur hafnarstjórnar er í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu í Reykjavík.

Borgarstjórn kaus fulltrúa sína í stjórnina 24. janúar 2008:

Kjörnir:

Til vara:

| | |
|-------------------------------------|----------------------------|
| Júlíus Vífill Ingvarsson, form. | Ólafur R. Jónsson |
| Jórunn Frímansdóttir | Halldór Guðmundsson |
| Ásta Þorleifsdóttir | Ólöf Guðný Valdimarsdóttir |
| Björk Vilhelmsdóttir | Margrét Sverrisdóttir |
| Óskar Bergsson | Oddný Sturludóttir |
| Fulltrúi Akraneskaupstaðar : | Til vara: |
| Sæmundur Víglundsson | Þórður Þ. Þórðarson |
| Fulltrúi Borgarbyggðar: | Til vara: |
| Páll Brynjarsson | Sveinbjörn Eyjólfsson |
| Fulltrúi Hvalfjarðarsveitar: | Til vara: |
| Hallfreður Vilhjálmsson | Stefán Ármannsson |

Heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar starfar á vegum borgarstjórnar skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 1200/2007 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Um verkefni heilbrigðisnefndar fer eftir II. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Þá eru heilbrigðisnefnd falin ýmis verkefni í öðrum lögum, s.s. lögum um matvæli nr. 93/1995, sbr. 13. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með að framfylgt sé ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og reglugerða settra samkvæmt þeim og samþykktum Reykjavíkurborgar á verksviði nefndarinnar.

Heilbrigðisnefnd tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið hennar. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með því að samþykktum og stefnumörkun hennar sé fylgt. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með og stuðlar að bættri framkvæmd mengunar-, dýra- og heilbrigðiseftirlits í Reykjavík, fylgist með framkvæmd sorphirðu og vinnur að fræðslu um hollustuhætti og umhverfismál. Jafnframt gerir nefndin tillögur til borgarráðs um sérstakar heilbrigðissamþykktir, s.s. samþykktir um hundahald og kattahald, hefur eftirlit með framkvæmd þeirra og gerir tillögur til borgarráðs að gjaldskrár fyrir mengunar- og heilbrigðiseftirlit og dýrahald skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Heilbrigðisnefnd er skipuð sex fulltrúum, fimm kjörnum af borgarstjórn og einum tilnefndum af samtökum atvinnurekenda í Reykjavík. Varamenn eru kjörnir/tilnefndir með sama hætti. Borgarstjórn kýs formann heilbrigðisnefndar. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jafnt í nefndinni. Kjörtímabil heilbrigðisnefndar er hið sama og borgarstjórnar.

Aðsetur heilbrigðisnefndar er að Borgartúni 10-12 og heldur nefndin að jafnaði þar fundi fyrsta miðvikudag hvers mánaðar. Fella má niður fundi nefndarinnar í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Borgarstjórn kaus í nefndina 24. janúar 2008:

| | |
|---------------------------------------|---------------------|
| Kjörnir: | Til vara: |
| Egill Ö. Jóhannesson, form. (5.2.'08) | Margrét Tómasdóttir |

Kristján Guðmundsson
Ragnar Sær Ragnarsson
Guðrún Erla Geirsdóttir
Garðar Mýrdal

Guðrún P. Ólafsdóttir
Sigríður Ragna Sigurðardóttir
Kjartan Valgarðsson (5/2.08)
Guðrún Yrsa Ómarsdóttir

Frá samtökum atvinnurekanda: Til vara:

Ólafur Jónsson

Erna Hauksdóttir

Hjúkrunarheimilið Eir

Skipulagsskrá fyrir Hjúkrunarheimilið Eir var staðfest af dómsmálaráðherra 13. desember 1990.

Borgarráð kys sjö fulltrúa í fulltrúaráð hjúkrunarheimilisins til fjögurra ára og fjóra til vara. Aðrir stofnendur velja þrjá menn hver. Fulltrúaráð kys sjö manna stjórn heimilisins.

Á fundi borgarráðs 15. febrúar 2007 voru eftirtaldir aðilar kosnir í fulltrúaráð Eirar til fjögurra ára:

Kjörnir:

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Jórunn Frímannsdóttir
Sif Sigfúsdóttir
Stella K. Víðisdóttir
Kristín A. Árnadóttir
Stefán Jóhann Stefánsson
Þorleifur Gunnlaugsson

Til vara:

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
Ellý Þorsteinsdóttir
Björk Vilhelmsdóttir
Margrét Sverrisdóttir

Hjúkrunarheimilið Skjól

Skipulagsskrá fyrir Hjúkrunarheimilið Skjól var upphaflega staðfest af dómsmálaráðherra 11. júlí 1986.

Fulltrúaráð hjúkrunarheimilisins er skipað þremur mönnum frá hverjum stofnenda til fjögurra ára og tveimur til vara. Fulltrúaráð kys stjórn heimilisins.

Á fundi borgarráðs 10. febrúar 2005 var samþykkt að kjósa eftirtalda aðila í fulltrúaráð Skjól til fjögurra ára:

Kjörnir:

Helgi S. Guðmundsson
Páll Gíslason
Lára Björnsdóttir

Til vara:

Anna Kristinsdóttir
Guðrún Ebba Ólafsdóttir

Hjúkrunarheimilið Skógarbær

Skipulagsskrá fyrir Hjúkrunarheimilið Skógarbær var staðfest af dómsmálaráðherra 30. apríl 1999.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar er skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Kjörtímabil stjórnarinnar er hið sama og kjörtímabil borgarstjórnar en miðast þó við 1. september sama ár og sveitarstjórnarkosningar fara fram. Reykjavíkurdæld Rauða kross Íslands tilnefnir tvo menn í stjórn og skal annar þeirra gegna störfum formanns stjórnarinnar. Borgarstjórn tilnefnir tvo stjórnarmenn.

Á fundi borgarráðs 29. júní 2006 var samþykkt að kjósa eftirtalda aðila í stjórn Skógarbæjar til loka kjörtímabilsins:

Kjörnir:

Benedikt Geirsson
Þorleifur Gunnlaugsson (18.9.'07)

Til vara:

Jórunn Frímansdóttir
Stefán Jóhann Stefánsson

Þá voru eftirtaldir fulltrúar jafnframt kosnir í fulltrúaráð Skógarbæjar til loka kjörtímabilsins:

Kjörnir:

Benedikt Geirsson
Áslaug Brynjólfsdóttir
Björk Vilhelmsdóttir
Þorleifur Gunnlaugsson

Til vara:

Jórunn Frímansdóttir
Ragnildur Jónasdóttir
Ragnildur Eggertsdóttir
Helga Björg Ragnarsdóttir

Hverfisráð

Tíu hverfisráð starfa í umboði borgarráðs skv. samþykkt fyrir hverfisráð, samþykkt í borgarstjórn 15. janúar 2008 og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007.

Hverfisráð starfa í eftirfarandi hverfum Reykjavíkurborgar, sbr. samþykkt borgarráðs um hverfaskiptingu í Reykjavík frá 16. júní 2003, með breytingu samþykkt í borgarráði 21. september 2006: Vesturbæ, Miðborg, Hlíðum, Laugardal, Háaleiti, Breiðholti, Árbæ, Grafarvogi, Kjalarnesi og Grafarholti - Úlfarsárdal.

Í Miðborg er félagið Miðborg Reykjavíkur jafnframt vettvangur samráðs og samstarfs atvinnurekenda, íbúa, félagasamtaka og borgaryfirvalda um málefni miðborgarinnar.

Hverfisráð skulu stuðla að hvers konar samstarfi innan hverfis, þau eru vettvangur samráðs íbúa, félagasamtaka, atvinnulífs og borgaryfirvalda, og eru virkir þátttakendur í allri stefnumörkun hverfanna. Þannig eru hverfisráð ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva í hverfum og stuðla að eflingu félagsauðs í hverfum.

Þá stuðla hverfisráð að kynningu skipulags, framkvæmda og þjónustu borgarstofnana í hverfunum og beita sér fyrir því að samráð verði haft við íbúa, allt eftir eðli máls hverju sinni. Hverfisráð fá til kynningar auglýstar breytingar á skipulagi og umhverfi er snerta hverfið auk kynninga á stærri framkvæmdum og meginbreytingum á þjónustu.

Hverfisráð geta gert tillögur til stjórnar eignasjóðs um forgangsröðun framkvæmda í hverfinu.

Hverfisráð eru skipuð sjö fulltrúum kosnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna nefndarmanna. Kjörtímabil hverfisráða er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslistar, sem fulltrúa eiga í borgarstjórn en ekki í hverfisráðum, geta tilnefnt áheyrnarfulltrúa í hvert hverfisráð með málfrelsi og tillögurétt. Þá geta hverfisráð tekið ákvörðun um áheyrnarfulltrúa félagasamtaka í hverfunum með málfrelsi og tillögurétt.

Fundir hverfisráða eru að jafnaði opnir fulltrúum íbúasamtaka og skal þá gera ráð fyrir sérstökum dagskrárlið, fyrirspurnir og athugasemdir frá íbúasamtökum.

Hverfisráðin hvert um sig halda fundi sem opnir skulu almenningi einu sinni á ári hið minnsta. Þess utan halda ráðin fundi eftir þörfum. Aðsetur hverfisráðanna er í þjónustumiðstöðvum.

Borgarstjórn kaus í hverfisráð 5. febrúar 2008:

Hverfisráð Vesturbæjar

Hverfisráð Vesturbæjar hefur aðsetur á Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarði, Hjarðarhaga 45-47.

Kjörnir:

Sif Sigfúsdóttir, form.
Arnar Þórisson
Vala Ingimundardóttir
Svetlana Kabalina
Felix Bergsson
Heimir Janusarson
Guðrún Ásmundsdóttir

Til vara:

Sigríður Ragna Sigurðardóttir
Gísli Ragnarsson
Ágústa Guðmundsdóttir
Kolbeinn Guðjónsson
Heiða Björg Pálmadóttir
Silja Bára Ómarsdóttir
Margrét Sverrisdóttir

Hverfisráð Miðborgar

Hverfisráð Miðborgar hefur aðsetur á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Skúlagötu 21.

Kjörnir:

Kári H. Sölmundarson
Sigríður Andersen
Einar Eiríksson
Jakob Frímagn Magnússon, form.
Guðrún Erla Geirsdóttir
Úlfar Þormóðsson
Guðrún Ásmundsdóttir

Til vara:

Anna T. McDonald
Katrín Helga Hallgrímsdóttir
Kristinn Jónsson
Eyjólfur Ármannsson
Oddný Sturludóttir
Álfheiður Ingadóttir
Margrét Sverrisdóttir

Hverfisráð Hlíða

Hverfisráð Hlíða hefur aðsetur á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Skúlagötu 21.

Kjörnir:

Kristján Guðmundsson
Áslaug Friðriksdóttir
Þorbjörg Þórhallsdóttir
Kjartan Eggertsson, form.
Stefán Benediktsson
Garðar Mýrdal
Anna M. Ólafsdóttir

Til vara:

Jón Kári Jónsson
María B. Johnson
Jóhann Birgisson
Halla Rut Bjarnadóttir
Guðný Aradóttir
Auður L. Erlingsdóttir
Sverrir Jan Norðfjörð

Hverfisráð Laugardals

Hverfisráð Laugardals hefur aðsetur á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39.

Kjörnir:

Jórunn Frímansdóttir
Sigurður Pálsson
Benedikt Geirsson, form.
Gunnar H. Hjálmarsson
Ægir Magnússon

Til vara:

Rósa K. Stefánsdóttir
Halldór Gunnarsson
Ingibjörg G. Jónsdóttir
Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir
Björk Vilhelmsdóttir

Sjöfn Ingólfsdóttir
Einar Örn Ævarsson

Svanhildur Kaaber
Rafn Marteinnsson

Hverfisráð Háaleitis

Hverfisráð Háaleitis hefur aðsetur á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39.

Kjörnir:

Jóna Lárusdóttir, form.
Torfi Kristjánsson
Helga Árnadóttir
Sigurjóna Sigurbjörnsdóttir
Sigrún Elsa Smáradóttir
Hrefna Sigurjónsdóttir
Ingvar Mar Jónsson

Til vara:

Róbert Trausti Árnason
Rúna Malmquist
Davíð Örn Jónsson
Stefán Aðalsteinnsson
Hörður Oddfríðarson
Jóhann Björnsson
Þórunn Benný Birgisdóttir

Hverfisráð Breiðholts

Hverfisráð Breiðholts hefur aðsetur á Þjónustumiðstöð Breiðholts, Álfabakka 12.

Kjörnir:

Þorkell Ragnarsson
Hafsteinn Valsson
Ragnhildur B. Guðjónsdóttir
Egill Örn Jóhannesson, form.
Stefán Jóhann Stefánsson
Salmann Tamimi
Guðlaugur Sverrisson

Til vara:

Edda Borg Ólafsdóttir
Albert Guðbrandsson
Elísabet Ólöf Helgadóttir
Erna Ingólfsdóttir
Falasteen Abu Libdeh
Sóley Tómasdóttir
Kristín E. Guðmundsdóttir

Hverfisráð Árbæjar

Hverfisráð Árbæjar hefur aðsetur á Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Bæjarhálsi 1.

Kjörnir:

Björn Gíslason, form.
Sigrún Jónsdóttir
Alda Magnúsdóttir
Anna Sigríður Ólafsdóttir
Rúnar Geirmundsson
Margrét Guðnadóttir
Marsibil J. Sæmundardóttir

Til vara:

Magnús Magnússon
Magnús Sigurgeirsson
Ólafur Ófeigsson
Kjartan Eggertsson
Gunnar Kristinsson
Hermann Valsson
Svava Friðgeirsdóttir

Hverfisráð Grafarvogs

Hverfisráð Grafarvogs hefur aðsetur á Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarði, Langarima 21.

Kjörnir:

Ragnar Sær Ragnarsson
Jón Arnar Sigurjónsson
Emil Örn Kristjánsson
Ásta Þorleifsdóttir, form.

Til vara:

Ingibjörg Óðinsdóttir
Tómas Hafliðason
Kristján Erlendsson
Hafdís Kjartansdóttir

Dofri Hermannsson
Einar Már Guðmundsson
Halldór Lárusson

Halla Þorkelsson
Jóhann Björnsson
Karl Hreiðarsson

Hverfisráð Kjalarness

Hverfisráð Kjalarness hefur aðsetur á þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarði, Langarima 21.

Kjörnir:

Marta Guðjónsdóttir, form.
Hólmar Þór Stefánsson
Hafsteinn Númason
Gunnar H. Hjálmarsson
Gunnar H. Gunnarsson
Sigríður Pétursdóttir
Þórir Ingþórsson

Til vara:

Auróra G. Friðriksdóttir
Guðfinna Ármannsdóttir
Símon Þorleifsson
Egill Örn Jóhannesson
Eldey Huld Jónsdóttir
Sigbór Magnússon
Ásgeir Harðarson

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals hefur aðsetur á þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Bæjarhálsi 1.

Kjörnir:

Óttarr Örn Guðlaugsson, form.
Jón B. Stefánsson
Stefanía Sigurðardóttir
Ásdís Sigurðardóttir
Jóhanna Eyjólfsdóttir
Hermann Valsson
Birna Jónsdóttir

Til vara:

Kristín S. Sigurðardóttir
Jón Hlíðar Guðjónsson
Karen Ósk Úlfarsdóttir
Guðrún S. Jósefsdóttir
Hákon Hákonarson
Olga Olgeirsdóttir
Guðmundur H. Björnsson

Innkauparáð

Innkauparáð starfar í umboði borgarráðs skv. samþykkt fyrir ráðið sem staðfest var í borgarstjórn 20. desember 2005, sbr. einnig innkaupareglur Reykjavíkurborgar, sem samþykktar voru í borgarráði 17. febrúar 2005 og samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007.

Innkauparáð mótar stefnu í innkaupamálum Reykjavíkurborgar og gerir tillögur til borgarráðs þar að lútandi. Það hefur eftirlit með því að innkaupastefnu Reykjavíkurborgar og innkaupareglum sé fylgt af hálfu borgarsjóðs og stofnana hans, sem og lögum um framkvæmd útboða nr. 65/1993 og lögum um opinber innkaup nr. 94/2001, eftir því sem við á. Þá tekur ráðið ákvarðanir í tilteknum innkaupamálum, sbr. nánar innkaupareglur Reykjavíkurborgar.

Í innkauparáði eiga sæti þrír fulltrúar og jafnmargir til vara, kosnir af borgarstjórn. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar. Borgarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna fulltrúa í ráðinu. Fella má niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aðsetur ráðsins er í Ráðhúsi Reykjavíkur. Ráðið heldur að jafnaði fundi á þriðjudögum kl. 11.00.

Borgarstjórn kaus í innkauparáð 24. janúar 2008 til loka kjörtímabilsins:

Kjörnir:

Gunnar H. Hjálmarsson, form.
Benedikt Geirsson
Stefán Jóhann Stefánsson

Til vara:

Einar Eiríksson
Sigurður Þórðarson
Kjartan Valgarðsson

Ípróttá- og tómstundaráð

Ípróttá- og tómstundaráð starfar í umboði borgarráðs skv. samþykkt fyrir ráðið, staðfestri í borgarstjórn 5. apríl 2005, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 1200/2007 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Ípróttá- og tómstundaráð mótar stefnu á sviði ípróttá- og tómstundamála Reykjavíkurborgar og gerir tillögur sem varða verksvið þess til borgarráðs. Jafnframt hefur ípróttá- og tómstundaráð eftirlit með að samþykktum þess og stefnumörkun sé fylgt.

Ípróttá- og tómstundaráð vinnur að eflingu ípróttá- og tómstundastarfs í Reykjavík, hefur samvinnu við þá aðila sem um slík mál fjalla og við félög sem hafa ípróttá- og tómstundamál á stefnuskrá og mótar stefnu um samstarf við þá aðila.

Ráðið gerir tillögur til borgarráðs um gerð og staðsetningu nýrra ípróttamannvirkja og félagsmiðstöðva ásamt tillögum um rekstur þeirra eftir því sem við á. Það hefur jafnframt eftirlit með rekstri ípróttá- og æskulýðsmannvirkja sem eru í eigu Reykjavíkurborgar og borgarráð hefur veitt styrki til.

Þá stuðlar ráðið að eflingu hollrar tómstundaiðju meðal almennings í samstarfi við samtök borgarbúa svo og í samstarfi við aðrar borgarstofnanir. Jafnframt skipuleggur ráðið dagskrá 17. júní hátíðarhaldanna í Reykjavík ár hvert.

Ípróttá- og tómstundaráð er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann úr hópi kjörinna fulltrúa og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn er heimilt að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi ípróttá- og tómstundaráðs, með málfrelsi og tillögurétt, eigi hann þar ekki fulltrúa.

Aðsetur ípróttá- og tómstundaráðs er að Bæjarhálsi 1 og heldur ráðið að jafnaði fundi þar annan og fjórða föstudag hvers mánaðar, kl. 12.00. Fella má niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Ráðið heldur a.m.k. einn fund á ári opinn almenningi.

Borgarstjórn kaus í ráðið 24. janúar 2008:

Kjörnir:

Bolli Thoroddsen, form.
Kjartan Magnússon

Til vara:

Marta Guðjónsdóttir
Kristinn Jónsson

Björn Gíslason
Egill Örn Jóhannesson
Stefán Jóhann Stefánsson
Oddný Sturludóttir
Hermann Valsson

Magnús Jónasson
Anna Sigríður Ólafsdóttir
Felix Bergsson
Eva Bjarnadóttir
Sóley Tómasdóttir

Stefán Þór Björnsson er áheyrnarfulltrúi í íþrótt- og tómstundaráði.
Varamaður hans er Sigfús Ægir Árnason.

Kirkjubyggingarsjóður Reykjavíkurborgar, stjórn

Borgarstjórn staðfesti samþykkt fyrir kirkjubyggingarsjóð 7. janúar 2003.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja með framlögum byggingu kirkna og safnaðarheimila sókna í Reykjavík með það takmark fyrir augum að þær eignist hver sína kirkju svo fljótt sem verða má.

Stjórn sjóðsins skal hafa forgöngu um öflun fjár til sjóðsins, varðveita hann og gera rökstuddar tillögur til borgarstjórnar um styrkveitingar úr honum.

Stjórnin er skipuð þremur mönnum og eru tveir þeirra kjörnir af héraðsnefndum Reykjavíkurráðgjafsdæma og einn af borgarráði til fjögurra ára í senn. Fulltrúi Reykjavíkurborgar gegnir formennsku í stjórninni. Borgarráð kaus 17. ágúst 2006 Katrínu Fjeldsted formann stjórnar kirkjubyggingarsjóðs til loka kjörtímabilsins.

Kjarasamningar; samninganefnd, launanefnd, kjaranefnd

Samninganefnd Reykjavíkurborgar er skipuð af borgarstjóra. Borgarráð fól borgarstjóra með samþykkt sinni hinn 28. febrúar 1989 að annast kjarasamningsgerð fyrir hönd Reykjavíkurborgar með skírskotun í 3. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og lög nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur.

Borgarstjóri skipaði eftirtalda í nefndina 23. janúar 2008:

Skipaðir:

Hallur Páll Jónsson, form.
Ingunn Gísladóttir, varaform.
Árni R. Stefánsson
Berglind Ólafsdóttir
Guðfinnur Þór Newman
Örn Sigurðsson

Ráðgjafar nefndarinnar:

Birgir Björn Sigurjónsson
Gunnar Eydal
Anna Borgþórsdóttir
Kristín Þóra Harðardóttir
Þórhildur Líndal

Fulltrúar samninganefndar ásamt fulltrúum stofnana og fyrirtækja borgarinnar sitja í samstarfsnefndum við hin ýmsu stéttarfélag og fara þær með mál sem upp kunna að koma á milli samninga. Starfskjaranefnd (samstarfsnefnd) var fyrst stofnuð vegna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar með samþykkt borgarráðs 19. desember 1947.

Samningsaðilar Reykjavíkurborgar eru um 30 stéttarfélag.

Launanefnd sveitarfélaganna fer með samningsumboð Reykjavíkurborgar gagnvart Kennarasambandi Íslands vegna grunnskóla og tónlistarskóla og einnig gagnvart Félagi leikskólakennara.

Af hálfu borgarinnar eiga þar sæti:

Kjörnir:

Hallur Páll Jónsson
Ingunn Gísladóttir
Jórunn Frímannsdóttir

Til vara:

Guðfinnur Þór Newman
Ragnhildur Erla Bjarnadóttir
Margrét Sverrisdóttir

Kjaranefnd ákveður laun æðstu stjórnenda Reykjavíkurborgar en fylgist jafnframt með kjaraákvörðunum sviðsstjóra. Kjaranefnd skal fylgjast með ákvörðunum kjaranefndar ríkisins varðandi þau embætti sem höfð eru til viðmiðunar. Kjör skv. ákvörðun kjaranefndar eru heildarkjör og skal ekki vera um frekari greiðslur að ræða. Borgarstjóri skipaði eftirtalda í kjaranefnd:

Birgir Björn Sigurjónsson, formaður
Gunnar Eydal
Kristbjörg Stephensen

Kjarvalsstofa í París, stjórn

Kjarvalsstofa er íbúð og vinnustofa, sem er ætluð til dvalar fyrir íslenska listamenn. Samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar, menntamálaráðuneytisins og Seðlabanka Íslands frá 26. ágúst 1986 fer þriggja manna nefnd, sem tilnefnd er til þriggja ára í senn, með stjórn Kjarvalsstofu í París. Nefndin sér m.a. um úthlutanir stofunnar til listamanna.

Borgarráð tilnefndi 29. júní 2006 Hönnu Johannessen og Guðrínu Ásmundsdóttur í stjórnina, til vara Katrínu Fjeldsted og Margréti Sverrisdóttur. Menntamálaráðuneytið tilnefndi Hannes Sigurðsson.

Kjörstjórnir

Samkvæmt lögum um framboð og kjör forseta Íslands nr. 36/1945 og lögum um kosningar til Alþingis nr. 24/2000, kýs Alþingi fimm menn í yfirkjörstjórn og jafnmarga til vara í hverju kjördæmi eftir kosningar. Hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir í Reykjavík eru kosnar af borgarstjórn.

Borgarstjórn kýs fyrir borgarstjórnarkosningar þrjá menn í yfirkjörstjórn og jafnmarga til vara, ásamt hverfis- og undirkjörstjórnnum, skv. lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.

Undanfarin ár hafa starfað 13 hverfiskjörstjórnir og u.þ.b. 100 undirkjörstjórnir við kosningar í Reykjavík.

Lánatryggingarsjóður kvenna, stjórn

Hinn 4. apríl 1995 var undirritað samkomulag borgarstjóra, félagsmálaráðherra og iðnaðarráðherra um stofnun lánatryggingarsjóðs til að styðja konur til nýsköpunar í atvinnulífinu. Borgarráð tilnefnir einn fulltrúa í stjórn sjóðsins og einn til vara. Þórhildur Líndal situr í stjórn sjóðsins f.h. Reykjavíkurborgar.

Leikfélag Reykjavíkur, hússtjórn

Samkvæmt samkomulagi Leikfélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar, staðfestu í borgarráði 16. júní 2004, er starfandi þriggja manna hússtjórn Borgarleikhússins. Tveir fulltrúar eru tilnefndir af borgarstjóranum í Reykjavík og einn er tilnefndur af stjórn LR.

Borgarstjóri tilnefndi Hjörleif B. Kvaran í stjórnina 26. júní 2006 og Guðrúnu Ásmundsdóttur 25. október 2007 til loka kjörtímabilsins.

Leikskólaráð

Leikskólaráð starfar í umboði borgarráðs skv. samþykkt borgarráðs frá 17. ágúst 2006, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007 og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Leikskólaráð mótar stefnu í menntamálum og öðrum málefnum barna á leikskólaaldri í Reykjavík og þjónustu við foreldra þeirra, m.a. um leikskóla, daggæslu, leik- og gæsluvelli. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar í menntamálum barna á leikskólaaldri sé fylgt og fylgist með gæðum þess skólustarfs og annars starfs sem fram fer á verksviði þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

Leikskólaráð fer með verkefni leikskólanefndar skv. lögum um leikskóla nr. 78/1994 og reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995. Þá fer ráðið með verkefni félagsmálanefndar skv. 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, að því er lýtur að daggæslu í heimahúsum og rekstri gæsluvalla.

Leikskólaráð hefur eftirlit með að framfylgt sé lögum um leikskóla og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Það gætir þess að leikskólar á vegum borgarinnar búi við fullnægjandi húsnæði til skólustarfs og að annar aðbúnaður sé fyrir hendi. Jafnframt gerir það tillögur til borgarráðs um byggingu nýrra leikskóla eða viðbygginga við eldri skóla og gerð leik- og gæsluvalla.

Leikskólaráð hefur eftirlit með framkvæmd daggæslu barna í Reykjavík samkvæmt ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og reglugerðar um daggæslu barna í heimahúsum, og er jafnframt stefnumótandi á því sviði.

Leikskólaráð veitir, án staðfestingar borgarráðs, leyfi til reksturs einkarekinna leikskóla og hefur eftirlit með starfi þeirra, sbr. 7. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994 og ræður skólastjóra leikskóla, sbr. 12. gr. laga um leikskóla nr. 78/1994, með síðari breytingum, sjá nánar heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og viðauka 1.6 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007.

Leikskólaráð er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir

að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn er heimilt skv. 2. mgr. 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi leikskólaráðs með málfrelsi og tillögurétt, eigi hann þar ekki fulltrúa.

Aðsetur leikskólaráðs er að Fríkirkjuvegi 1 og þar heldur ráðið fundi annan og fjórða miðvikudag í mánuði kl. 14.00. Fella má niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Borgarstjórn kaus í leikskólaráð 24. janúar 2008:

Kjörnir:

Þorbjörg H. Vigfúsdóttir, form.
Áslaug Friðriksdóttir
Ragnar Sær Ragnarsson
Sigurlaug Sveinbjörnsd. (5.2.'08)
Sigrún Elsa Smáradóttir
Bryndís Í. Hlöðversdóttir
Sóley Tómasdóttir

Til vara:

Helga Kristín Auðunsdóttir
Guðrún P. Ólafsdóttir
Fanney Birna Jónsdóttir
Anna Sigr. Ólafsdóttir
Agnar Freyr Helgason
Eva Kamilla Einarsdóttir
Helga Björg Ragnarsdóttir

Fanný Gunnarsdóttir er áheyrnarfulltrúi í leikskólaráði. Varamaður hennar er Ingvar Mar Jónsson.

Listahátíð; fulltrúaráð, stjórn

Samþykkt fyrir Listahátíð í Reykjavík var staðfest af fulltrúaráði Listahátíðar 20. júní 1997.

Aðild að Listahátíð eiga menntamálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, ýmis samtök listamanna og menningarstofnanir. Aðilar tilnefna einn mann hver í fulltrúaráð en auk þess eiga menntamálaráðherra og borgarstjóri þar sæti og skiptast þeir á um formennsku, tvö ár í senn.

Í stjórn eiga sæti þrír menn; fulltrúi menntamálaráðuneytis, fulltrúi Reykjavíkurborgar og einn sem fulltrúaráðið kys til tveggja ára í senn.

Inga Jóna Þórðardóttir var tilnefnd í stjórn Listahátíðar af Reykjavíkurborg til tveggja ára 24. ágúst 2006. Hún er jafnframt varaformaður stjórnarinnar.

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar, stjórn

Samþykkt fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar var staðfest af fjármálaráðuneytinu 4. mars 2002.

Stjórn sjóðsins skipa þrír fulltrúar Reykjavíkurborgar sem borgarstjórn tilnefnir, þar af einn sem formann, og tveir sjóðsfélagar tilnefndir til fjögurra ára af Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Jafnmargir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt. Lífeyrissjóðurinn er til húsa að Vegmúla 2.

Borgarstjórn kaus í stjórnina 24. janúar 2008:

Kjörnir:
Marta Guðjónsdóttir, form.
Per Henje
Björk Vilhelmsdóttir

Til vara:
Rúna Malmquist
Sigurður Ö. Helgason
Oddný Sturludóttir

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar tilnefndi í stjórnina 17. ágúst 2006:

Tilnefnd:
Garðar Hilmarsson
Sjöfn Ingólfssdóttir

Til vara:
Þorgrímur Hallgrímsson
Kolbrún Hauksdóttir

Mannréttindaráð

Mannréttindaráð starfar í umboði borgarráðs skv. samþykkt fyrir ráðið, samþykktri í borgarstjórn 18. desember 2007, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007 og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Mannréttindaráð mótar stefnu í mannréttindamálum, tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með rekstri mannréttindaskrifstofu borgarinnar og að samþykktum og stefnumörkun þess sé fylgt.

Mannréttindaráð fer með verkefni jafnréttisnefndar skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá 26. febrúar 2008 og önnur verkefni á sviði mannréttindamála samkvæmt mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stuðlar þannig að bættum mannréttindum borgarbúa.

Ráðið gerir tillögur til borgarráðs um mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og ber ábyrgð á að henni sé framfylgt, er í fyrirsvari af borgarinnar hálfu á sviði mannréttindamála og fylgist með verkefnum fagsviða er tengjast mannréttindamálum. Jafnframt er það fagsviðum til samráðs og ráðgjafar um forgangsröðun verkefna á sviði mannréttindamála, hefur samvinnu við ríki, önnur sveitarfélög og félagasamtök um mannréttindamál og veitir árlega mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar.

Mannréttindaráð er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn er skv. 2. mgr. 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar heimilt að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi mannréttindaráðs, með málfrelsi og tillögurétt, eigi hann ekki fulltrúa í ráðinu.

Ráðið heldur fundi fyrsta og þriðja fimmtudag hvers mánaðar, kl. 12.10, í Ráðhúsi Reykjavíkur. Ráðið getur haldið fundi opna almenningsi, eftir því sem við á. Fella má niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi.
Borgarstjórn kaus í ráðið 24. janúar 2008:

Kjörnir:
Sif Sigfúsdóttir, form.
Marta Guðjónsdóttir
Andri Óttarsson
Maria E. M. Pinedo

Til vara:
Áslaug Friðriksdóttir
Þórdís Pétursdóttir
Ingibjörg Óðinsdóttir
Sigurjóna Sigurbjörnsdóttir

Felix Bergsson
Falasteen Abu Libdeh
Jóhann Björnsson

Bryndís Í. Hlöðversdóttir
Stefán Jóhann Stefánsson
Drífa Snædal

Marsibil J. Sæmundardóttir er áheyrnarfulltrúi í mannréttindaráði.
Varamaður hennar er Stefán Bogi Sveinsson.

Menningar- og ferðamálaráð

Menningar- og ferðamálaráð starfar í umboði borgarráðs skv. samþykkt fyrir ráðið, staðfestri í borgarstjórn 5. apríl 2005, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 1200/2007 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Ráðið mótar stefnu í menningar-, ferða- og markaðsmálum, tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs varðandi valdsvið þess og hefur eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun þess sé fylgt.

Menningar- og ferðamálaráð fer með hlutverk stjórnar Borgarbókasafns Reykjavíkur skv. ákvæðum laga um almenningsbókasöfn nr. 36/1997 og stjórnar Borgarskjalasafns Reykjavíkur skv. ákvæðum laga um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985, sbr. reglugerð nr. 283/1994. Þá fer ráðið með hlutverk byggingarnefndar skv. lögum um húsafriðun nr. 104/2001, að fengnum umsögnum skipulagsráðs um einstök mál. Sjá einnig ákvæði laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Ráðið gerir tillögur til borgarráðs varðandi samninga við Leikfélag Reykjavíkur, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Listahátíð í Reykjavík og jafnframt um styrki og starfslaun til menningarstarfs í borginni, tilnefnir fulltrúa í dómnefnd um bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar og útnefnir borgarlistamann. Það fylgist með útgáfu örnefnaskrár og merkingu fornminja og gerir tillögu til borgarráðs um staðsetningu hvers konar myndverka á almannaferi. Þá fer ráðið með málefni Höfuðborgarstofu í samræmi við ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar, vinnur að því að efla og samræma kynningar og markaðsmál Reykjavíkur til að styrkja stöðu höfuðborgarinnar í alþjóðlegri samkeppni á sviði ferðamála og vinnur að undirbúningi viðburða og hátíða í Reykjavík á sviði ferðamála.

Menningar- og ferðamálaráð er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn er heimilt að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi með málfrelsi og tillögurétt, eigi hann þar ekki fulltrúa.

Þá er Bandalagi íslenskra listamanna heimilt að tilnefna tvo áheyrnarfulltrúa listamanna ásamt varamönnum til setu í ráðinu með málfrelsi og tillögurétt.

Ráðið getur haldið opna fundi eftir því sem við á. Fella má niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Aðsetur ráðsins er að Aðalstræti 2 og heldur ráðið að jafnaði fundi þar fyrsta og þriðja miðvikudag hvers mánaðar, kl. 14.15.

Borgarstjórn kaus í menningar- og ferðamálaráð 24. janúar 2008:

Kjörnir:

Porbjörg H. Vigfúsdóttir, form.
Marta Guðjónsdóttir
Helga Kr. Auðunsdóttir
Jakob Frímagn Magnússon
Guðrún Erla Geirsdóttir
Dofri Hermannsson
Guðrún Ásmundsdóttir

Til vara:

Áslaug Friðriksdóttir
Jóna Lárusdóttir
Lilja Hilmarsdóttir
Erna Ingólfssdóttir
Anna P. Sverrisdóttir
Oddný Sturludóttir
Sóley Tómasdóttir

Gestur Guðjónsson er áheyrnarfulltrúi í menningar- og ferðamálaráði.
Varamaður hans er Sigríður Heiðar.

Safnráð Listasafns Reykjavíkur starfar á grundvelli VI. kafla samþykktar fyrir Listasafn Reykjavíkur, sem staðfest var af borgarráði 7. júlí 2005. Menningar- og ferðamálaráð skipar fjóra menn í safnráðið til tveggja ára í senn, en hlutverk þess er m.a. að vera safnstjóra til ráðuneytis og stuðnings, auk þess sem það tilnefnir tvo úr sínum röðum í innkaupanefnd Listasafnsins.

Menntaráð

Menntaráð starfar í umboði borgarráðs í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 17. ágúst 2006, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007 og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Menntaráð mótar stefnu í menntamálum á vegum Reykjavíkurborgar, annarra en barna á leikskólaaldri, tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs hvað varðar verkvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun borgarinnar í menntamálum sé fylgt og fylgist með gæðum skólastarfs. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður. Menntaráð fer með verkefni skólanefndar skv. grunnskólalögum nr. 66/1995.

Menntaráð gerir tillögur til borgarráðs um stefnu Reykjavíkurborgar í menntamálum, annarra en barna á leikskólaaldri.

Ráðið hefur eftirlit með að framfylgt sé lögum um grunnskóla og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Það gætir þess að grunnskólar á vegum borgarinnar búi við fullnægjandi húsnæði til skólastarfs og að annar aðbúnaður sé fyrir hendi. Þá gerir það tillögur um byggingu nýrra grunnskóla eða viðbyggingar við eldri skóla.

Menntaráð fylgir eftir framkvæmd 37. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 varðandi stofnun og byggingu framhaldsskóla.

Þá hefur ráðið eftirlit með starfsemi skólahljómsveita og fullorðinsfræðslu á vegum Reykjavíkurborgar og hefur eftirlit með starfi einkarekinna skóla sem styrktir eru af borginni, þ.e. grunnskólum, tónlistarskólum og myndlistarskólum.

Menntaráð ræður skólastjóra grunnskóla skv. 23. gr. grunnskólalaga nr. 66/1995, án staðfestingar borgarráðs, samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og viðauka 1.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007.

Menntaráð er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn er heimilt skv. 2. mgr. 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi menntaráðs með málfrelsi og tillögurétt, eigi hann þar ekki fulltrúa.

Aðsetur menntaráðs er að Fríkirkjuvegi 1 og heldur ráðið að jafnaði fundi þar, fyrsta og þriðja mánudag hvers mánaðar, kl. 13.00. Fella má niður fundi í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Ráðið getur haldið fundi opna almenningi.

Borgarstjórn kaus í menntaráð 24. janúar 2008:

Kjörnir:

Júlíus Vífill Ingvarsson, form.
Bolti Thoroddsen
Marta Guðjónsdóttir
Ásta Þorleifsdóttir (5.2.'08)
Oddný Sturludóttir
Helga Björg Ragnarsdóttir
Margrét Sverrisdóttir

Til vara:

Áslaug Friðriksdóttir
Katrín H. Hallgrímsdóttir
Ingunn B. Vilhjálmisdóttir
Kolbeinn Guðjónsson
Bryndís Í. Hlöðversdóttir
Friðrik Dagur Arnarson
Felix Bergsson

Lilja Dögg Alfreðsdóttir er áheyrnarfulltrúi í menntaráði.
Varamaður hennar er Anna Margrét Ólafsdóttir.

Orkuveita Reykjavíkur sf., stjórn

Orkuveita Reykjavíkur sf. starfar skv. lögum um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 139/2001, sbr. einnig reglugerð nr. 297/2006, en þann 12. desember 2001 var undirritaður sameignarsamningur eignaraðila. Núverandi eignaraðilar eru Reykjavíkurborg, Akranesbær og Borgarbyggð.

Tilgangur Orkuveitu Reykjavíkur er vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns, dreifing og sala afurða fyrirtækisins, gerð og rekstur fráveitukerfa ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur rannsóknir og þekkingu eða búnað fyrirtækisins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi, skv. ákvörðun stjórnar hverju sinni. Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur að reka dótturfélög og eiga hlut í öðrum félögum, sbr. 2. gr. laganna.

Stjórn fyrirtækisins er skipuð sex mönnum, fimm kjörnum af Borgarstjórn Reykjavíkur og einum kjörnum af Bæjarstjórn Akraness. Borgarstjórn Reykjavíkur kýs formann og varaformann stjórnarinnar úr hópi fulltrúa Reykjavíkurborgar. Á stjórnarfundum vegur atkvæði formanns tvöfalt. Aðsetur stjórnarinnar er í húsi Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1.

Kjörtímabil stjórnar er eitt ár m.v. aðalfund.

Borgarstjórn kaus í stjórnina 24. janúar 2008 til næsta aðalfundar:

Kjörnir:

Kjartan Magnússon, form.
Júlíus Vífill Ingvarsson

Til vara:

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
Hanna Birna Kristjánsdóttir

Ásta Þorleifsdóttir, varaform.
Sigrún Elsa Smáradóttir
Svandís Svavarsdóttir

Gunnar H. Hjálmarsson
Margrét Sverrisdóttir
Dagur B. Eggertsson

Fulltrúi Akranesbæjar:

Gunnar Sigurðsson

Áheyrnarfulltrúi Borgarbyggðar:

Björn Bjarki Þorsteinsson

Ráðhús, hússtjórn

Hússtjórn Ráðhússins tekur ákvarðanir sem varða rekstur Ráðhússins, nýtingu Tjarnarsalarins til listsýninga o.fl. Í hússtjórn eiga sæti eftirtaldir aðilar, tilnefndir af borgarstjóra:

Gunnar Eydal
Ólafur Jónsson
Signý Pálsdóttir

Reykjanesfólkvangur, stjórn

Á fundi undirbúningsnefndar að stofnun fólkvangs á Reykjanesi 12. febrúar 1975 var samþykkt að Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Hafnarfjörður, Grindavík, Garðabær, Selvogshreppur, Keflavík og Njarðvíkurhreppur (tvö síðastnefndu sveitarfélögin eru nú sameinuð í Reykjanesbæ) skyldu vera aðilar að fólkvangi á Reykjanesi, sbr. nú ákvæði 3. og 55. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999. Borgarráð samþykkti stofnun fólkvangsins 21. janúar 1975.

Stjórnin er skipuð einum fulltrúa frá hverju þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að fólkvanginum. Borgarráð kaus 25. október 2007 Ástu Þorleifsdóttur í stjórnina til loka kjörtímabilsins, til vara Dofra Hermannsson.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgarstjórn kýs fimmtán fulltrúa á landsþing og jafnmarga til vara. Landsþing, sem haldið var 27.-29. september 2006, kaus stjórn sambandsins. Á fundi borgarstjórnar 20. júní 2006 voru kosnir fulltrúar á landsþing:

Kjörnir:

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
Hanna Birna Kristjánsdóttir
Gísli Marteinn Baldursson
Kjartan Magnússon
Júlíus Vífill Ingvarsson
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
Jórunn Ósk Frímannsdóttir
Björn Ingi Hrafnsson
Dagur B. Eggertsson
Steinunn Valdís Óskarsdóttir
Stefán Jón Hafstein
Björk Vilhelmsdóttir
Svandís Svavarsdóttir
Árni Þór Sigurðsson
Ólafur F. Magnússon

Til vara:

Áslaug Friðriksdóttir (6.3.'07)
Sif Sigfúsdóttir
Bollí Thoroddsen
Marta Guðjónsdóttir
Ragnar Sær Ragnarsson
Kristján Guðmundsson
Björn Gíslason
Óskar Bergsson
Gunnar Eydal
Oddný Sturludóttir
Sigrún Elsa Smáradóttir
Dofri Hermannsson
Þorleifur Gunnlaugsson
Sóley Tómasdóttir
Margrét Sverrisdóttir

Samstarfsnefnd borgarfulltrúa og alþingismanna Reykvíkinga

Samkvæmt samstarfsreglum borgarfulltrúa og alþingismanna Reykvíkinga, samþykktum 18. nóvember 1975, sbr. einnig breytingu frá 7. maí 1996, skal halda óformlega fundi, þar sem rætt er um og unnið að hagsmunamálum Reykvíkinga.

Samstarfsnefnd Reykjavíkurprófastsdæma

Borgarráð kaus 29. júní 2006 fulltrúa í samstarfsnefnd Reykjavíkurprófastsdæma til loka kjörtímabilsins:

Kjörnir:

Helgi S. Guðmundsson
Svandís Svavarsdóttir

Samstarfssjóður Nuuk, Reykjavíkur og Þórshafnar, stjórn

Borgarráð samþykkti 20. júlí 1999 að gerast aðili að samstarfssjóði Nuuk, Reykjavíkur og Þórshafnar. Sjóðurinn starfar skv. reglum frá 18. júní 1999 og eru bæjarstjórnir Nuuk, Reykjavíkur og Þórshafnar í Færeyjum aðilar að honum.

Tilgangur sjóðsins er að efla skilning og samvinnu milli kjörinna fulltrúa og íbúa í Nuuk, Reykjavík og Þórshöfn og styðja ýmsa starfsemi í þessu skyni, fyrst og fremst á sviði menningarmála.

Stjórn sjóðsins er skipuð borgarstjórum höfuðborganna þriggja ásamt tveimur kjörnum fulltrúum frá hverri borg. Af hálfu Reykjavíkurborgar sitja í sjóðsstjórninni, auk borgarstjóra, tilnefndir af borgarráði, Björk Vilhelmsdóttir (19.6.'07) og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson (31.1.'08). Aðsetur sjóðsins er í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Samþykkt fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu var samþykkt á framhaldsaðalfundi samtakanna 1. mars 2002.

Markmið samtakanna er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaganna, efla samstarf þeirra og stuðla að auknum samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Stjórn SSH er skipuð framkvæmdastjórum Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kjósarhrepps, Kópavogs, Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarness og sveitarfélagsins Álftaness. Hver sveitarstjórn tilnefnir varamann úr röðum kjörinna sveitarstjórnarmanna. Formaður er kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn og skipta aðildarsveitarfélögin með sér formennskunni.

Á aðalfundi skal skipað fulltrúaráð til árs í senn þar sem hver sveitarstjórn tilnefnir tvo fulltrúa úr sínum hópi. Þá sitja formenn skipulagsráða sveitarfélaganna í svæðisskipulagsráði SSH ásamt einum fulltrúa frá minnihluta hverrar sveitarstjórnar. Sveitarstjórn kýs einnig tvo varamenn.

Á fundi borgarráðs 29. júní 2006 var Hanna Birna Kristjánsdóttir tilnefnd varamaður í stjórnina og Björn Ingi Hrafnsson og Svandís Svavarsdóttir tilnefnd í fulltrúaráð, til vara Óskar Bergsson og Dagur B. Eggertsson. Fulltrúar Reykjavíkurborgar í svæðisskipulagsráði SSH eru Hanna Birna Kristjánsdóttir og Dagur B. Eggertsson, til vara Óskar Bergsson og Svandís Svavarsdóttir.

Skipulagsráð

Skipulagsráð starfar í umboði borgarráðs skv. samþykkt fyrir ráðið, samþykkt í borgarstjórn 5. apríl 2005, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007, og skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 6., 38. og 39. gr. laganna, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Skipulagsráð skal móta stefnu í skipulags- og byggingarmálum og taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs um skipulags- og byggingarmál á grundvelli skipulags- og byggingarlaga. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með að stefnumörkun og samþykktum sé fylgt. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

Verkefni skipulagsráðs eru m.a. að vera borgarráði og öðrum borgaryfirvöldum til ráðuneytis á sviði skipulags- og byggingarmála, þ.m.t. vegna umhverfismatsáætlana. Ráðið hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála, gerir tillögur til borgarráðs um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim, þ.m.t. varðandi skipulag umferðar. Þá fjallar ráðið ásamt byggingarfulltrúa um umsóknir um byggingarleyfi, ályktar um úrlausn þeirra til borgarráðs og afgreiðir framkvæmdaleyfi. Jafnframt veitir ráðið menningar- og ferðamálaráði umsagnir um mál er varða húsafriðun skv. ákvæðum laga um húsafriðun nr. 104/2001. Ráðið gerir tillögur til borgarráðs um fjárveitingar úr húsverndarsjóði og veitir ár hvert viðurkenningu aðilum sem skarað hafa fram úr, hvað varðar metnaðarfulla byggingarlist.

Skipulagsráð afgreiðir, án staðfestingar borgarráðs, eftirtalin verkefni á grundvelli skipulags- og byggingarlaga samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og viðauka 1.1 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007:

- a. Óverulegar breytingar á deiliskipulagi, sbr. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga.
- b. Ákvörðun um að hefja gerð deiliskipulags.
- c. Framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga.
- d. Skiptingu jarða, landa og lóða og breytingar á landamerkjum, sbr. 30. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Skipulagsráð er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn er heimilt skv. 2. mgr. 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar að tilfærna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi skipulagsráðs með málfrelsi og tillögurétt, eigi hann þar ekki fulltrúa.

Aðsetur skipulagsráðs er að Borgartúni 3, en verður að Borgartúni 10-12, og heldur ráðið að jafnaði fundi alla miðvikudaga kl. 9.00. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi. Ráðið getur haldið fundi opna almenningi.

Borgarstjórn kaus í skipulagsráð 24. janúar 2008:

Kjörnir:

Hanna Birna Kristjánsdóttir, form.
Gísli Marteinn Baldursson
Jórunn Frímansdóttir
Ólöf G. Valdimarsdóttir
Stefán Benediktsson
Björk Vilhelmsdóttir
Svandís Svavarsdóttir

Til vara:

Kristinn Vilbergsson
Snorri Hjaltason
Einar Eiríksson
Ásta Þorleifsdóttir
Heiða Björg Pálmadóttir
Guðrún Erla Geirsdóttir
Álfheiður Ingadóttir

Óskar Bergsson er áheyrnarfulltrúi í skipulagsráði. Varamaður hans er Stefán Þór Björnsson.

Skólanefndir framhaldsskóla

Samkvæmt 6. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 skipar menntamálaráðherra skólanefndir við framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd sitja fimm menn, tveir skipaðir skv. tilnefningu sveitarstjórnar og þrír án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Áheyrnarfulltrúar eru tveir með málfrelsi og tillögurétt, annar tilnefndur af kennurum skólans en hinn af nemendafélagi skólans. Skólameistari situr fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt.

Borgarráð tilnefndi 17. ágúst 2004 eftirtalda fulltrúa í skólanefndir framhaldsskóla til fjögurra ára:

Tilnefndir:

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti
Ingvar Sverrisson
Ólafur R. Jónsson

Fjölbrautaskólinn við Ármúla
Áslaug Ívarsdóttir
Jón Hákon Halldórsson

Iðnskólinn í Reykjavík
Óskar Bergsson
Helgi Steinar Karlsson

Kvennaskólinn í Reykjavík
Drífa Snædal
Bessí Jóhannsdóttir

Til vara:

Kristín Dýrfjörð
Guðlaug Ragnheiður Skúladóttir

Nanna Rögnvaldsdóttir
Auður Björk Guðmundsdóttir

Stefán Jón Jeppesen
Sigurður Geirsson

Oddur Ástráðsson
Sigríður Ragna Sigurðardóttir

Menntaskólinn í Reykjavík
Stefán Pálsson
Þorsteinn Davíðsson

Dögg Hugosdóttir
Linda Rós Michaelsdóttir

Menntaskólinn við Hamrahlíð
Nína Helgadóttir
Benedikt Bogason

Orri Páll Jóhannsson
Sigurjón Pálsson

Menntaskólinn við Sund
Sigurður Svavarsson
Þórlindur Kjartansson

Margrét Sæmundsdóttir
Gréta Ingþórsdóttir

Borgarholtsskóli
Guðlaug Teitsdóttir

Hilmar Hilmarsson

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., stjórn

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins er byggðasamlag sem starfar á grundvelli stofnsamnings frá 31. maí 2000. Tilgangur þess er að vinna að forvörnum, veita fyrstu viðbrögð til að vernda líf og heilsu fólks, umhverfi og eignir og sinna öðrum lögbundnum verkefnum.

Stofnendur byggðasamlagsins eru eftirtalin sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær og Sveitarfélagið Álftanes.

Stjórn byggðasamlagsins er skipuð framkvæmdastjórum aðildarsveitarfélaganna eða fulltrúum þeirra og jafnmörgum til vara. Borgarstjóri er formaður stjórnarinnar. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og sveitarstjórna. Aðsetur Slökkviliðsins er að Skógarhlíð 14.

Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins bs., stjórn

Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins bs., Sorpa, er byggðasamlag sem starfar á grundvelli stofnsamnings frá 15. febrúar 1988, með síðari breytingum. Tilgangur þess er að annast sorpeyðingu fyrir stofnaðila þess.

Eftirtalin sveitarfélög eiga aðild að byggðasamlaginu: Reykjavíkurborg, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær og Sveitarfélagið Álftanes.

Stjórn byggðasamlagsins er skipuð einum fulltrúa frá hverju aðildarsveitarfélagi og skal hann vera fulltrúi í sveitarstjórn eða framkvæmdastjóri sveitarfélags. Varamenn eru tilnefndir með sama hætti.

Kjörtímabil stjórnar er til tveggja ára frá upphafi kjörtímabils sveitarstjórna. Formennska skiptist á milli aðildarfélaganna. Stjórnarmenn fara með hlutfallslegt atkvæðavægi í samræmi við íbúafjölda hvers sveitarfélags.

Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins bs. hefur aðsetur að Gufunesvegi.

Borgarstjórn kaus Vilhjálmm P. Vilhjálmsson í stjórnina 24. janúar 2008 og Gísli Marteini Baldursson til vara.

Stjórnin er svo skipuð:

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Reykjavík
Margrét Gauja Magnúsdóttir, Hafnarfjarðarbær
Ómar Stefánsson, Kópavogsbær
Páll Hilmarsson, Garðabær, formaður
Þór Sigurgeirsson, Seltjarnarnesbær
Herdís Sigurjónsdóttir, Mosfellsbær
Kristján Sveinbjörnsson, Sveitarfélagið Álftanes

Stjórnkerfisnefnd

Stjórnkerfisnefnd starfar skv. ákvörðun borgarráðs, sbr. einnig erindisbréf borgarstjóra frá 30. júní 2006.

Stjórnkerfisnefnd fjallar um stjórnkerfi Reykjavíkurborgar, þ.m.t. um verkefni nefnda og ráða, hefur frumkvæði að tillögum um breytingar og metur hugmyndir sem til hennar er vísað. Stjórnkerfisnefnd gerir tillögur til borgarstjóra í málefnum sem lúta að verksviði hennar.

Aðsetur nefndarinar er í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Á fundi borgarráðs 31. janúar 2008 voru eftirtaldir kosnir í nefndina til loka kjörtímabilsins:

Kjörnir:

Gísli Marteinn Baldursson, formaður
Hanna Birna Kristjánsdóttir
Kjartan Magnússon
Björk Vilhelmsdóttir
Svandís Svavarsdóttir

Strætó bs., stjórn

Strætó er byggðasamlag um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu sem starfar á grundvelli stofnsamnings frá 7. maí 2001.

Aðild eiga: Reykjavíkurborg, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Seltjarnarnesbær og Sveitarfélagið Álftanes.

Stjórn byggðasamlagsins er skipuð einum fulltrúa og einum til vara frá hverju aðildarsveitarfélagi og skal hann vera fulltrúi í sveitarstjórn eða framkvæmdastjóri sveitarfélags. Varamenn eru tilnefndir með sama hætti. Borgarstjórn kaus Gísla Marteín Baldursson í stjórn 24. janúar 2008 og til vara Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur. Formennska skiptist milli aðildarsveitarfélaganna. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar. Aðsetur Strætó bs. er að Þönglabakka 4.

Stjórnin er svo skipuð:

Gísli Marteinn Baldursson, Reykjavík
Ármann Kr. Ólafsson, Kópavogsbær, formaður
Guðmundur R. Árnason, Hafnarfjarðarbær
Erling Ásgeirsson, Garðabær
Haraldur Sverrisson, Mosfellsbær
Sigrún Jónsdóttir, Seltjarnarnesbær
Kristján Sveinbjörnsson, Sveitarfélagið Álftanes

Svæðisráð um málefni fatlaðra

Samkvæmt 6. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992 skipar félagsmálaráðherra sjö fulltrúa í svæðisráð til fjögurra ára. Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands tilnefna hvort sinn fulltrúa og svæðisbundin samtök sveitarfélaga þrjá og skal einn þeirra vera félagsmálastjóri á svæðinu. Jafnframt skal héraðslæknir eiga sæti í svæðisráði. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar.

Borgarráð tilnefndi í ráðið 1. nóvember 2007:

Tilnefndir:

Anna Kristinsdóttir
Guðrún Ebba Ólafsdóttir
Stella K. Víðisdóttir

Til vara:

Þorleifur Gunnlaugsson
Margrét Einarsdóttir
Ellý Þorsteinsdóttir

Umferðarráð

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar um umferðarráð nr. 86/1997, sbr. 115. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, á Reykjavíkurborg rétt á að tilnefna einn fulltrúa í umferðarráð og annan til vara. Dómsmálaráðherra skipar í ráðið til þriggja ára í senn.

29. september 2005 tilnefndi borgarráð Guðmund Haraldsson fulltrúa Reykjavíkurborgar í umferðarráð til þriggja ára og Sigurbjörgu Ásgeirsdóttur til vara.

Umhverfis- og samgönguráð

Umhverfis- og samgönguráð starfar í umboði borgarráðs skv. samþykkt fyrir ráðið, samþykkt í borgarstjórn 2. október 2007, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarskóp borgarstjórnar nr. 1200/2007 og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Umhverfis- og samgönguráð mótastefnu í umhverfis-, náttúruverndar- og samgöngumálum. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með rekstri umhverfis- og samgöngusviðs og að samþykktum og stefnumörkun þess sé fylgt.

Umhverfis- og samgönguráð fer með verkefni náttúruverndarnefndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999, sbr. einnig reglugerð um náttúruvernd nr. 205/1973, með síðari breytingum. Þá fer umhverfis- og samgönguráð með málefni Vinnuskóla Reykjavíkur.

Verkefni ráðsins á sviði umhverfis- og náttúruverndar og reksturs borgarlandsins eru m.a. að gera tillögu til borgarráðs um umhverfisstefnu Reykjavíkurborgar og bera ábyrgð á gerð umhverfisáætlunar og ákveða framkvæmdir á opnum svæðum borgarinnar. Ráðið er í fyrirsvari um fólkvanga, fylgist með búfjárefirliti skv. lögum um búfjárhald nr. 103/2002, veitir umsagnir um tillögur að skipulagi og framkvæmdir sem haft geta veruleg áhrif á umhverfisþætti. Jafnframt mótastefnu í úrgangsmálum, þ.m.t. sorphirðu og veitir umhverfisverðlaun Reykjavíkurborgar.

Verkefni umhverfis- og samgönguráðs á sviði samgangna og umferðarmála eru m.a. að vinna að gerð samgöngustefnu Reykjavíkurborgar og gera tillögur að forgangsriðun framkvæmda á sviði samgöngumála, ákveða framkvæmdir í samgöngukerfi borgarinnar að höfðu samráði við framkvæmda- og eignasvið og móta stefnu í umferðaröryggismálum. Jafnframt vinnur það að umferðarfræðslu skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og gerir tillögur til lögreglustjóra eða leitar samþykkis hans varðandi skipulag umferðar, sbr. 81.-83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 12. gr. Þá mótar ráðið stefnu á sviði almenningssamgangna m.a. með því að gera tillögur um breytingar á leiðakerfi Strætó bs., mótar stefnu í bílastæðamálum í Reykjavík og fer með málefni Bílastæðasjóðs Reykjavíkurborgar.

Umhverfis- og samgönguráð er stefnumótandi um starfsemi Vinnuskólans og gerir tillögur til borgarráðs um launagreiðslur til nemenda skólans og vinnur að samstarfsverkefnum við menntaráð.

Umhverfis- og samgönguráð er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn er skv. 2. mgr. 48 gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar heimilt að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi umhverfis- og samgönguráðs, með málfrelsi og tillögurétt, eigi hann ekki fulltrúa í ráðinu.

Umhverfis- og samgönguráð afgreiðir án staðfestingar borgarráðs tillögur til lögreglustjóra varðandi breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar og aðrar ákvarðanir sem hljóta þurfa staðfestingu eða samþykki hans, sbr. 81.-83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, skv. heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/2003, sbr. lög nr. 74/2003, og viðauka 1.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Aðsetur umhverfisráðs er að Borgartúni 10-12. Ráðið heldur að jafnaði fundi annan og fjórða þriðjudag hvers mánaðar, kl. 14.00. Fella má niður fundi í tvo mánuði að sumarlagi. Ráðið getur haldið fundi opna almenningi.

Borgarstjórn kaus í ráðið 24. janúar 2008:

Kjörnir:

Gísli Marteinn Baldursson, form.
Þorbjörg H. Vigfúsdóttir
Helga Jóhannsdóttir
Ásta Þorleifsdóttir
Dofri Hermannsson
Þorleifur Gunnlaugsson
Margrét Sverrisdóttir

Til vara:

Helga Kr. Auðunsdóttir
Rúnar Freyr Gíslason
Glúmur J. Björnsson
Gísli Ragnarsson
Sólveig Arnarsdóttir
Friðrik Dagur Arnarson
Kjartan Due Nielsen

Jakob Hrafnsson er áheyrnarfulltrúi í umhverfis- og samgönguráði.
Varamaður hans er Einar Örn Ævarsson

Velferðarráð

Velferðarráð starfar í umboði borgarráðs skv. samþykkt fyrir ráðið, staðfestri í borgarstjórn 5. apríl 2005, með breytingum 7. júní s.á., samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1200/2007 og eftir því sem lög mæla fyrir um, sbr. einnig heimild í 1. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Velferðarráð fer með verkefni félagsmálanefndar skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um húsaleigubætur nr. 138/1997. Jafnframt fer velferðarráð með verkefni húsnæðisnefndar skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998.

Velferðarráð skal móta stefnu í velferðarþjónustu, s.s. félags-, heilbrigðis-, húsnæðis- og öldrunarmálum, taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun sé fylgt. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

Velferðarráð gerir tillögur til borgarráðs um stefnumörkun á sviði félagsþjónustu og húsnæðismála í Reykjavík, fylgir eftir framkvæmd laga um málefni aldraðra nr. 125/1999, laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992, barnalaga nr. 76/2003 og laga um ættleiðingar nr. 130/1999 og gerir tillögur til borgarráðs um stefnu og framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar, sbr. 9. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, í samráði við barnaverndarnefnd.

Velferðarráð er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn er heimilt skv. 2. mgr. 48. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi velferðarráðs með málfrelsi og tillögurétt, eigi hann þar ekki fulltrúa.

Á grundvelli heimildar í 6. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga starfar sérstök áfrýjunarnefnd velferðarráðs, sbr. 3. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 13. gr. samþykktar fyrir ráðið. Áfrýjunarnefndin er skipuð þremur fulltrúum, kosnum af velferðarráði til loka kjörtímabils borgarstjórnar.

Aðsetur velferðarráðs er í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu og heldur ráðið að jafnaði fundi þar annan og fjórða miðvikudag hvers mánaðar, kl. 12.00. Fella má niður fundi í tvo mánuði að sumarlagi. Ráðið skal halda árlega a.m.k. einn fund opinn almenningi.

Borgarstjórn kaus í ráðið 24. janúar 2008:

Kjörnir:

Jórunn Frímansdóttir, form.
Björn Gíslason
Elínbjörg Magnúsdóttir
Gunnar H. Hjálmarsson
Björk Vilhelmsdóttir
Stefán Benediktsson
Þorleifur Gunnlaugsson

Til vara:

Kristján Guðmundsson
Sif Sigfúsdóttir
Ingunn B. Vilhjálmisdóttir
Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir
Guðlaug Magnúsdóttir
Þórir H. Guðmundsson
Elín Sigurðardóttir

Marsibil Sæmundardóttir er áheyrnarfulltrúi í velferðarráði. Varamaður hennar er Jóhanna Hreiðarsdóttir.

Ýmsar nefndir, starfsnefndir og vinnuhópar, sem borgaryfirvöld tilnefna í eða skipaðar eru

Afréttarmál í landnámi Ingólfs

Ásmundarsafn - stjórn

Barnabókaverðlaun - úthlutunarnefnd

Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar, dómnefnd

Búfjárefirlitsnefnd

Ferlinefnd fatlaðra

Nýsköpunarmiðstöð Íslands - ráðgjafarnefnd

Samráðshópur um forvarnir

Samráðsnefnd um málefni aldraðra

Samvinnunefnd miðhálandis

Sinfóníuhljómsveit Íslands - stjórn og verkefnavalsnefnd

Skóli Ísaks Jónssonar - skólanefnd

Stýrihópur um búsetuúrræði eldri borgara

Þjónustuhópur aldraðra

Úr IV. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, nefndir, ráð og stjórnir

■38. gr. *Kosning byggðarráðs.*

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að kosið skuli byggðarráð. Í sveitarstjórnnum sem skipaðar eru þremur eða fimm aðalfulltrúum verður þó eigi kosið sérstakt byggðarráð.

Byggðarráð skal kjörið til eins árs í senn nema annað sé ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Í sveitarstjórnnum sem skipaðar eru sjö eða níu fulltrúum skal byggðarráð skipað þremur aðalmönnum úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórn, en fimm eða sjö aðalmönnum þar sem ellefu eða fleiri fulltrúar eru í sveitarstjórn.

Jafnmargir varamenn skulu kosnir. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákveða í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að þeir aðalfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður, verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

Formaður byggðarráðs skal valinn úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna.

Sveitarstjórn, sem kjörin er bundinni hlutfallskosningu, getur heimilað framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en eigi nær kjöri í byggðarráð að tilnefna fulltrúa til að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti. Skal heimila framboðsaðila sem fulltrúa á í sveitarstjórn en eigi í byggðarráði slíkan rétt þann tíma sem sveitarstjórn fellir niður fundi sína vegna sumarleyfis.

Framkvæmdastjóri sveitarfélags situr fundi byggðarráðs með málfrelsi og tillögurétti en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn og kosinn í byggðarráðið.

■39. gr. *Hlutverk byggðarráðs.*

Byggðarráð fer ásamt framkvæmdastjóra sveitarfélags með framkvæmdastjórn þess og fjármálastjórn, að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Það hefur umsjón með stjórnarsýslu sveitarfélagsins almennt og fjárstjórn þess sérstaklega, undirbýr fjárhagsáætlanir og sér um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt.

Heimilt er að láta byggðarráð taka að meira eða minna leyti við starfi fastra nefnda.

Byggðarráði er heimil fullnaðarákvörðun mála sem eigi varða verulega fjárhag sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé eigi ágreiningur innan ráðsins eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina [en meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella].¹⁾

Um byggðarráð gilda að öðru leyti ákvæði þessa kafla.

¹⁾L. 69/2004, 1. gr.

■40. gr. *Kosning í aðrar nefndir, ráð og stjórnir.*

Sveitarstjórn kys fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum. Kjörtímabil slíkra nefnda skal vera hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnar nema annað sé ákveðið í lögum eða af sveitarstjórn.

Kosningar í byggðarráð, nefndir, ráð og stjórnir skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélags sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu.

[Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélags eru ekki kjörgengir í

nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá. Sveitarstjórn getur ákveðið að víkja frá þessu ákvæði ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starf viðkomandi einstaklings er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaaárekstrum þrátt fyrir nefndarsetu.]¹⁾

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að fara með einstaka málaflokka á kjörtímabilinu.

Þá kýs sveitarstjórn fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélag á aðild að samkvæmt viðkomandi samþykktum eða lögum.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda getur sveitarstjórn afturkallað hvenær sem er og fellur það sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils viðkomandi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn getur kosið nefnd til að fara með afmörkuð málefni í hluta sveitarfélags. Ákveða má í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins að slíka nefnd skuli kjósa í almennum kosningum í viðkomandi hluta sveitarfélagsins.

¹⁾L. 68/2004, 2. gr.

■41. gr. *Sameining nefnda.*

Heimilt er sveitarstjórn að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði þótt svo sé kveðið á í lögum að kjósa skuli sérstaka nefnd til þess að fara með tiltekin verkefni.

Í sveitarfélögum þar sem erfiðlega horfir með að manna nefndir er sveitarstjórn heimilt að fara sjálf með verkefni lögskipaðrar nefndar nema verkefni nefndarinnar sé ósamrýmanlegt störfum sveitarstjórnar að mati ráðuneytisins.

■42. gr. *[Lausn frá nefndasetu og endurskipun.*

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélags, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndarstörfum hvenær sem er á kjörtímabilinu. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið á sama hátt og skv. 34. gr.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð, svo sem ef breytingar verða á meirihlutasamstarfi á kjörtímabilinu. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélags skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör skv. 2. mgr. 40. gr. nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.]¹⁾

¹⁾L. 69/2004, 3. gr.

■43. gr. *Varamenn.*

Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, flyst burt eða forfallast varanlega á annan hátt tekur varamaður sæti hans, sbr. fyrri málslið, nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju. [Ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.]¹⁾

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar hafa haft samstarf um nefndarkosningar skal þó sá aðili, sem tilnefndi viðkomandi mann til setu í

nefnd, einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu, sbr. 24. gr.

¹⁾L. 69/2004, 4. gr.

■44. gr. [Hlutverk og valdsvið nefnda.

Sveitarstjórn ákveður valdsvið nefnda, ráða og stjórna sem hún kýs nema slíkt sé ákveðið í lögum.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið í samþykkt sveitarfélagsins, sbr. 10. gr. þessara laga, að fela nefnd, ráði eða stjórn sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því.

Á sama hátt og með sömu skilyrðum og getur í 2. mgr. er sveitarstjórn heimilt að fela öðrum aðilum innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu mála. Sveitarstjórn, byggðarráð eða hlutaðeigandi nefnd skal hafa eftirlit með afgreiðslu mála samkvæmt þessari málsgrein og kalla eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar.

Sá aðili sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu skv. 3. mgr., eða þriðjungur fulltrúa ef um nefnd, ráð eða stjórn er að ræða, sbr. 2. mgr., getur ávallt óskað eftir því að sveitarstjórn, byggðarráð eða viðkomandi nefnd samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins taki ákvörðun í máli.

Þegar sveitarstjórn neytir heimildar skv. 2. eða 3. mgr. skal jafnframt kveðið á um það í samþykkt sveitarfélagsins hvernig fara skuli með endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessum ákvæðum.]¹⁾

¹⁾L. 74/2003, 1. gr.

■45. gr. Boðun fyrsta fundar.

Framkvæmdastjóri sveitarfélags boðar nefndir, ráð og stjórnir saman til fyrsta fundar eftir að þær hafa verið kjörnar eða ákveður hver annist fundarboðun nema sveitarstjórn hafi kjörið formann sérstaklega. Ákveður þá formaðurinn um boðun til fyrsta fundar.

Framkvæmdastjóri getur kallað saman tvær eða fleiri nefndir til að ræða mál er varða starfssvið fleiri nefnda en einnar.

■46. gr. Kjör formanns, varaformanns og ritara og hlutverk þeirra.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar nefndar skal kjósa formann, varaformann og ritara sé ekki annað ákveðið í lögum eða af sveitarstjórn.

Formaður nefndar boðar nefndarfundi eða lætur boða með hæfilegum fyrirvara.

Nefndarformaður stjórnar fundi. Fundir skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund starfsmenn sveitarfélags ef hún telur þess þörf. Hún getur einnig boðið öðrum aðilum að koma á fund nefndarinnar til viðræðna um tiltekin mál.

■47. gr. Réttindi og skyldur fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði II. og III. kafla laga þessara gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélags eftir því sem við á.

■48. gr. Fundargerðir.

Nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélags skulu halda gerðabók sem fundargerðir eru færðar í. Fundargerðir nefnda skal skrá með sams konar hætti og fundargerðir sveitarstjórna, sbr. 23. gr.

Sé um ráðgefandi nefnd að ræða, sem ekki hefur verið falin fullnaðarafgreiðsla máls samkvæmt lögum eða samþykkt sveitarfélagsins,

teljast ályktanir hennar tillögur til sveitarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar.

■ **49. gr. Afgreiðsla fundargerða.**

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna skulu lagðar fyrir byggðarráð og/eða fullskipaða sveitarstjórn eftir því hver háttur er hafður á fullnaðarafgreiðslu í viðkomandi málaflokki. Ef fundargerðir nefnda innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar byggðarráðs og/eða sveitarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar byggðarráðs og/eða sveitarstjórnar ber að taka þær sérstaklega fyrir. Ályktun nefndar, sem hefur fjárútlát í för með sér, skal lögð fyrir sveitarstjórn eða byggðarráð hennar eftir því sem fyrir er mælt í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Fundargerðir skulu fylgja dagskrá reglulegra sveitarstjórnarfunda.

■ **50. gr. Þóknun.**

Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélags hæfilega þóknun fyrir þau störf samkvæmt mati sveitarstjórnar í samræmi við reglur er hún setur, svo og greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar í samræmi við 35. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélags.